

**Ed.**

**256. Frumvarp**

til sveitarstjórnarlaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 1, með þessum breytingum:

23. gr. hljóðar svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið 5 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsþúa. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

25. gr. hljóðar svo:

Fyrir 15. janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari gera reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins næstliðið almanaksár, og skal hann gerður eftir fyrirmynd, er ráðherra býr til.

Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn. En auk þess skal hann endurskoðaður af manni, sem til þess er kjörinn á hausthreppskilafingi ár hvert. Undan þeirri kosningu getur enginn skorast, sá er hefir kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefndar.

Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir 20. janúarmánaðar, og skal yfirskoðun hans lokið fyrir 5. febrúarmánaðar. Fyrir 10. febrúarmánaðar næst á eftir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 39. gr.

Öll hreppsnefndin hefir ábyrgð á því, að reikningurinn sje rjettur. Hún ábyrgist einnig innstæðufje, skuldabryjef og aðrar eigur hreppsins.

Fyrir 15. janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari einnig gera reikning fjallskilasjóðs hreppsins síðastliðið almanaksár. Skal öll hreppsnefndin og rannsaka þann reikning og bera ábyrgð á, að hann sje rjettur. Um yfirskoðun þess reiknings og úrskurðun skulu gilda öll hin sömu fyrirmæli sem um reikning hreppsins.

30. gr. hljóðar svo:

Nú vanrækir hreppsnefnd að inna af hendi lögboðnar greiðslur, eða svara fyrirspurnum æðri stjórnarvalda, og getur sýslumaður þá lagt dagsektir við, ef ekki er bætt úr innan ákveðins tíma, því er áfátt var. Slikar sektir má tiltaka í ábyrgðarbryjefi til oddvita, en ekki mega þær falla á fyr en svo langur tími er liðinn frá dagsetningu bryjefsins, að hæfilegt sje til þess að bæta úr því, sem átalíð var. Sektir þessar má taka lögtaki í eignum oddvita eða þess hreppsnefndarmanns, sem sjerstaklega hafði verið falið að annast það starf, sem áfátt var (9. gr.), ef hann á sök á drættinum.

Ákvörðun sýslumanns um sektir eftir þessari grein má skjóta til ráðherra, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið.

36. gr. hljóðar svo:

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita.

Hver nefndarmaður, sem eigi er samdóma hinum, á heimting á, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við voru staddir, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið.

38. gr. hljóðar svo:

Sýslunefnd hefir yfirstjórn sveitarmála í öllum hreppum sýslunnar og leggur fullnaðarúrskurð á mál þau, er samkvæmt 15., 25. og 28. gr. laga þessara og lögum um kosningar í málefnum sveita og lögum um útsvör liggja undir hana, svo og á þær ályktanir hreppsnefnda, er skotið er undir úrskurð hennar samkvæmt löggiltum reglugerðum sýslunefndar. Hún hefir yfir höfuð umsjón með því, að hreppsnefndirnar hegði sjer í sveitarstjórnarathöfnum sínum eftir lögum og löglegum fyrirskipunum.

Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmet gjöld, eða leitt hjá sjer að framkvæma einhverja ráðstöfun, sem hún er skyld til og ekki fellur undir 30. gr., eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefir vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sje kipt í lag, og, ef nauðsyn ber til, getur hún falið oddvita sínum að beita þvingunarsektum, til þess að boðum hennar verði framfylgt, og auk þess komið fram ábyrgð á hendur einstökum hreppsnefndarmönnum við dómstólana.

39. gr. hljóðar svo:

Sýslunefnd kys á ári hverju mann eða menn úr sínum flokki til að yfirskoða ársreikninga allra hreppa í sýslunni og fjallskilareikninga (sbr. 25. gr.). Endurskoðari skal, ef honum þykir ástæða til, senda hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar fyrir 10. dag marsmánaðar, og ber oddvita að svara þeim fyrir 31. mars næst á eftir. Síðan skal úrskurða reikningana á aðalfundi nefndarinnar; semur sýslumaður síðan eftir þeim yfirlit yfir efna-hag hreppanna og sendir hagstofunni.

Yfirskoðara þessara reikninga má veita þóknun úr sýslusjóði, eftir því sem nefndin ákveður.

44. gr. hljóðar svo:

Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun fyrir yfirstandandi reikningsár um tekjur og gjöld sýslusjóðs. Að því leyti, sem lögskipuð gjöld og aðrar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, skal jafna því, sem á vantar, niður á hreppsfjelög sýslunnar, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og tekna af eign og atvinnu, alt í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjald það, er þannig kemur á hvert hreppsfjelag, skal greitt úr

sveitarsjóði, og skal hreppsnefndaroddviti greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

53. gr. hljóðar svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög, sem hjer segir:  
Sveitastjórnarlög nr. 43, 10. nóv. 1905, að því leyti, sem þau eru ekki áður úr gildi feld.

Lög nr. 46, 26. okt. 1917, um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Lög nr. 67, 27. júní 1921, um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Lög nr. 29, 19. júní 1922, 2. og 3. gr.